

# Fundargerð XXVIII. landsþings

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2014, var landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið í Hofi á Akureyri 24.–26. september og hófst það kl. 16:15.

### 1. Þingsetning

Halldór Halldórsson formaður setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Vísað er í ræðu hans á vef sambandsins.

### 2. Kosning þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar.

Tillaga gerð um Guðmund Baldvin Guðmundsson, formann bæjarráðs Akureyrar og Örnú Ír Gunnarsdóttur bæjarfulltrúa í Árborg. *Samþykkt.*

Tillaga um þingritara, Jónína Holm bæjarfulltrúi í Garði og Sæmundur Helgason bæjarfulltrúi í Hornafirði. *Samþykkt.*

Í kjörbréfanefnd voru samþykkt: Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík, Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar í Sandgerði og Kristín Þórðardóttir sveitarstjórnarfulltrúi í Rangárþingi eystra.

### 3. Framtíðarþróun sveitarstjórnarstigsins.

Hann Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra hvatti landsþingsfulltrúa til aukins samstarfs þvert á pólitískar línur. Ráðherra reifaði slaka kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningunum sl. vor og greindi frá frumniðurstöðum í rannsókn sem Háskólinn á Akureyri fer fyrir um minnkandi kjörsókn og leitað skýringa á þeirri þróun.

### 4. Starfsemi sambandsins, helstu úrlausnarefni og stefnumótun.

Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins fór yfir starfsemi þess og hlutverk ráðherra í því. Hann nefnir að umfang sveitarstjórnarstigsins sé um 40% af samneyslunni og að opinber störf hjá sveitarfélögunum eru um 54%. Landsþing mótar stefnu sveitarfélaga í öllum stórum málum sem varðar þau. Stefnumörkun sambandsins er í raun biblía sem farið er eftir í starfi þess. Leiðarvísir þar sem starfsmenn sjái hvert sambandið stefnir. Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki hagsmunasamband, heldur málsvari annars stjórnsýslustigsins. Samhljómur er í stefnu ríkisstjórnarinnar og sambandsins í þessum þáttum, styrkja sveitarstjórnarstigið, rafræn stjórnsýsla og á að auka heilbrigðisþjónustu um allt land. Karl nefnir að nú eru 245 manns í 147 nefndum og ráðum sem sambandið hefur tilnefnt eða skipað í og því er mikilvægt að hafa skýra stefnumörkun. Ríkisstjórnin á að tryggja þar samráð og samskipti. Að lokum hvatti Karl þátttakendur í umræðuhópunum að vera virk og ná þar samhljómi.

## 5. Tillögur kjörnefndar um stjórn, formann og skoðunarmenn.

Áslaug M. Friðriksdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir vinnu hópsins. Hún rakti vinnuferlið og hvernig nefndin nálgast verkefnið. Sátt náðist milli flokka um niðurstöðuna að lokum. Áslaug þakkaði fráfarandi stjórn fyrir samstarfið og kynnti tillögu að nýrri stjórn. Fundarstjóri opnaði fyrir umræður undir þessum lið.

## 6. Almennar umræður og mál sem þingfulltrúar leggja fram

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, ræddi um lögheimilis-skráningu í sumarhúsum og málefni vegna starfsmannaréttar, á að veita stuðning eða vera með sjóð vegna málaferla sem varða hagsmuni allra.

Sigrún Blöndal, forseti bæjarstjórnar á Fljótshéraði, lagði til að gerð verði könnun á starfsumhverfi sveitarstjórnarmanna.

Guðríður Arnardóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ, þakkaði fyrir samstarfið og benti á málaferli í meiðyrðamáli í Kópavogi. Hún beindi því til þingsins hvort tryggja þurfi starfsöryggi, t.d. út frá lögbundinni eftirlitsskyldu og öðrum hlutverkum sveitarstjórnarmanna.

Karen E. Halldórsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ, bendir á að í tillögum kjörnefndar að í stjórn komi enginn frá Kópavogi. Hún gerði athugasemd við að kjörnefndarfulltrúar styngju upp á sér sjálfum í stjórn.

Hafsteinn Pálsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, tók undir athugasamdir Karenar og hvetur til umræðu um málið.

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, segist ekki sjá fyrir sér að breyta reglum um uppstillingu í kjörnefnd. Hann hvetur nýja fulltrúa á þinginu til að láta til sín taka í umræðum.

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps, bendir á að enginn aðal- eða varamaður komi frá Vestfjörðum. Það sé ótækt.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri í Seltjarnarnesbæ, leggur til að kjörnefndarfulltrúar afsali sér rétti til stjórnarsetu.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, bendir á að trúnaðarbrestur virðist vera kominn upp í samskiptum ríkis og sveitarstjórna. Hann bendir á samskipti um heilsugæsluna á Akureyri, sjúkraflutninga, endurmat á málefnum fatlaðra, fjármögnun á flutningi framhaldsskóla til sveitarfélaga. Á það ekki að vera sameiginlegur skilningur milli ríkis og sveitarfélaga, að þau sjái um nærþjónustuna? spyr Dagur. Hann vill að sveitarfélögin standi saman og tali skýrt um að fjármagn fylgi þeim verkefnum sem sveitarfélögin taka að sér.

Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm, bæjarfulltrúi í Grindavíkurbæ, ræddi kjör sveitarstjórnarmanna sem eru rýr og ekki bjóðandi fólki sem leggur töluvert á sig í vinnu fyrir sveitarfélög.

Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi í Reykjavík, vill að rætt verði um málefni heimilislausra og útigangsfólks á þinginu. Hvar er ábyrgð sveitarfélaga í þeim málaflokki? spyr hann.

## **7. Erindi um framtíðarúrlausnarefni sveitarfélaga - Velferðin í öndvegi og tengsl manna og umhverfis**

Stefán Hrafn Jónsson kynnti hvað lýðfræði er, áherslusvið og áskoranir. Hann ræddi mikilvægi þess að tengja lýðfræði við félagsfræði, hagfræði og fleiri greinar. Í gegnum lýðfræði má nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar og greina þær. Stefán nefndi mörg dæmi, s.s. konur á barneignaraldri, hjúskaparstöðu, fæðingar, öldrunarspá, búferlaflutninga o.fl. Hann sagði frá niðurstöðum úr óútkominni rannsókn hans þar sem hann skoðar hvort samband sé milli heilsu og stéttarstöðu, sem hefur vissulega áhrif á velferð barna. Að lokum bentu hann á að áskorun sveitarfélaga og nærsamfélagsins sé að viðhalda virðingu og kærleik til þeirra sem njóta þjónustunnar.

Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri ALTA ehf., leiddi fulltrúa af stað með sögu af afa sínum sem upplifði margar breytingar á viðburðarríki ævi hans. Háhraðanet er eitt af brýnustu verkefnum nokkurra sveitarfélaga og lagði hún til að það yrði lagt svo hver einasta koppagrund fengi ljósleiðara, líkt og vegakerfið. (Hér klappaði þingheimur og lét ófriðlega af fögnuði). Við verðum að gera okkur grein fyrir að í samtímanum liggja mikil verðmæti í hugsun og sköpun. Halldóra talaði um leiðir til viðtækrar samstöðu og þann möguleika á sameiningu sveitarfélaganna í gegnum virkt hverfalýðræði. Í lok erindisins varpaði hún fram þeirri hugleiðingu um hver yrði duglegastur að nýta sér tækifæri sem framtíðin skapar.

## **8. Almennar umræður**

Elín R. Líndal, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnaþingi vestra, spyr hvort launamunur kynjanna hafi áhrif á fjölskyldumynstur? Hún er hugsuð yfir því hvernig við sem þjóð ætlum að nýta okkur auðlindir t.d. með virkjun jarðvarma?

Unnur V. Hilmarsdóttir, oddviti í Húnaþingi vestra, bendir á að ljósleiðaravæðing er ekki bara byggðamál heldur mannréttindamál.

Kristján A. Guðjónsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, velti því upp hvort barneignir aukist við hrun og áföll í þjóðfélögum. Hann bendir á að lífeyrissjóðir muni ekki standa undir skuldbindingum m.t.t. mannfjöldaþróunar.

Sif Matthíasdóttir, oddviti í Helgafellssveit, nefnir að hvergi er að sjá ályktun frá sambandinu um landnýtingu og stefnu í þeim málum. Hún spyr hvort einhver plön eru til um strandsiglingar?

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, bendir á að kynbundinn launamunur mælir misrétti í samfélögum. Hún hvetur sveitarfélög til að uppræta þessa hugsun.

Kristján Þ. Magnússon, sveitarstjóri í Norðurþingi, bendir á að athugasemdarfrestur renni út á morgun hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Hann hvetur þingheim til að senda inn athugasemdir.

Sveinn Steinarsson, forseti bæjarstjórnar í Ölfusi, minnir á að þau sveitarfélög sem nú þegar hafa fjárfest í ljósleiðara gleymist ekki þegar ríkið taki ákvörðun um að framkvæma, hann vill að þau fái eitthvað fyrir sína framkvæmd.

Stefán Hrafn veitti andsvör.

Logi Einarsson bæjarfulltrúi á Akureyri bendir á misskiptingu milli höfuðborgar og dreifðari byggða, m.t.t. mannfjöldaþróunar. Þar verði að bregðast við með aðgerðum í heimabyggðum.

Halldóra veitti andsvör - hún segir að lítið sé vitað hvað leynist í jarðhitasvæðum, rannsóknir og nýting helst í hendur. Hún áréttar að nýta vel umhverfismál áætlana.

## **9. Kjörbréfanefnd skilar álit**

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar:

Öll kjörbréf eru gild. Rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti á þinginu eru 139 frá 69 sveitarfélögum. Þá eru mættir 3 stjórnarmenn í sambandinu með málfrelsi og tillögurétti og aðrir fulltrúar með málfrelsi og tillögurétti eru samtals 60. Alls eru því mættir til landsþings 202 fulltrúar. Að auki sitja þingið 14 gestir og 19 starfsmenn sambandsins. Seturétt á landsþingi eiga 151 fulltrúi frá 74 sveitarfélögum. Enginn fulltrúi er mættur frá 5 sveitarfélögum.

## **10. Gerð grein fyrir starfi umræðuhópa**

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri í Hveragerði gerði grein fyrir störfum hóps 1. Sveitarfélögin inn á við og út á við. Nokkrar breytingar urðu þar og miklar. Hún fór yfir þá liði sem gerðar voru breytingar á. Tillaga kom fram um endurskoðun á samþykktum sem stjórn skoðar og leggur fyrir á næsta þingi.

Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ fór yfir störf hóps 2, Traustur grundvöllur. Hann fór yfir þær breytingar sem gerðar voru. Góðar umræður voru innan hópsins um fjármál og tekjustofna sveitarfélaganna.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík fór yfir yfirgripsmikla vinnu hópsins. Velferðin í Öndvegi. Hún nefndi góðar umræður í málaflokknum sem hefur með um 85% fjármagns sveitarfélaganna að gera. Björk fór yfir þær breytingar sem samþykktar voru.

Guðjón Bragason starfsmaður sambandsins fór yfir störf hóps 4, Tengsl manna og umhverfis. Hann nefndi góða og mikla samstöðu og umræður, einkum um samskipti og fjarskipti og ferðaþjónustu.

## 11. Almennar umræður

Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, ræddi að rafræn stjórnsýsla gæti verið hlutverk sambandsins og verði þannig mikilvæg svipað og gert er hjá Reiknistofu bankanna.

## 12. Afgreiðsla stefnumörkunar

Arna Ír fundarstjóri bar upp tvær tillögur og opnaði fyrir umræður um þær.

Tillaga 1.

„XXVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að vísa drögum að stefnumörkun sambandsins til frekari úrvinnslu og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins á grundvelli athugasemda sem fram hafa komið á þinginu.“

Elín Líndal hvað sér hljóðs og bendir á að umræða þarf að fara fram um að þeir sem sitja í kjörnefnd gefi ekki kost á sér í stjórn.

*Tillagan borin upp og var hún samþykkt.*

Tillaga 2.

„Stjórn sambandsins verði falið að endurskoða samþykktir þess, sérstaklega fyrirkomulag við kosningu stjórnar og leggja fram tillögu á næsta landsþingi.“

*Tillagan borin upp og var hún samþykkt.*

## 13. Kosningar

Engin mótframboð komu fram við tillögu kjörnefndar um stjórnarliða og var því tillagan samþykkt.

Engin mótframboð komu fram við tillögu kjörnefndar um skoðunarmenn og var tillagan samþykkt.

Engin mótframboð komu fram við tillögu uppstillingarnefndar um tillögu til formanns og var því tillagan samþykkt.

### Stjórn sambandsins

#### Aðalmenn

##### *Reykjavíkurborg*

Halldór Halldórsson Reykjavíkurborg

Björk Vilhelmsdóttir Reykjavíkurborg

S. Björn Blöndal Reykjavíkurborg

##### *Suðvesturkjördæmi*

Gunnar Einarsson Garðabæ

Gunnar Axel Axelsson Hafnarfjarðarkaupstað

#### Varamenn

Áslaug M. Friðriksdóttir Reykjavíkurborg

Skúli Þór Helgason Reykjavíkurborg

Elsa Hr. Yeoman Reykjavíkurborg

Haraldur Sverrisson Mosfellsbæ

Margrét Lind Ólafsdóttir Seltjarnarnesbæ

*Norðvesturkjördæmi*

Jónína Erna Arnardóttir Borgarbyggð  
Halla Sigríður Steinólfsdóttir Dalabyggð

Ólafur G. Adolfsson Akraneskaupstað  
Ragnar Frank Kristjánsson Borgarbyggð

*Norðausturkjördæmi*

Gunnhildur Ingvarsdóttir Fljótshéraði  
Eiríkur Björn Björgvinsson Akureyrarkaupstað

Gunnlaugur Stefánsson Norðurþingi  
Kristín Gestsdóttir Fjarðabyggð

*Suðurkjördæmi*

Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerðisbæ  
Ísólfur Gylfi Pálmason Rangárþingi eystra

Páll Marvin Jónsson Vestmannaeyjabæ  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Grindavíkurbæ

**Formaður**

Halldór Halldórsson – Reykjavíkurborg

**Skoðunarmenn**

**Aðalmenn**

Steinþór Einarsson Garðabæ  
Sandra Dís Hafþórsdóttir Svf. Árborg

**Varamenn**

Óli Halldórsson Norðurþingi  
Sigríður Magnúsdóttir Svf. Skagafirði

**14. Þingslit.**

Halldór Halldórsson formaður þakkaði fyrir þingstörf og sleit XXVIII. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi slitið kl. 11:00.

*Jónína Holm*

*Sæmundur Helgason*